

Fimmtudaginn 27. febrúar 1997.

Nr. 220/1996.

**Zygmunt Pawlik og
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

og gagnsök

Bifreiðir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1996. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1996 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða 3.255.174 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars sama árs, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 17. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjenda með sömu ársvöxtum og dráttarvöxtum og í aðalkröfu. Loks krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á málskostnaðarákvörðun héraðsdóms og að auki málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Fallist er á með héraðsdómi, að aðaláfrýjandinn Zygmunt Pawlik beri bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, vegna umferðarslyss þess, sem málið er risið af. Þá er og fallist á, að aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. sé greiðsluskyldur eftir 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Málsatvikum er lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, hafði gæslumaður leitarhundanna þá ekki í taumi, er hann gekk að sendibifreiðinni umrætt sinn. Mátti þó búast við umferð

eftir veginum, þar sem sendibifreiðin stóð. Gæslumaðurinn skýrði svo frá fyrir dómi, að þegar hann heyrði til bifreiðar aðaláfrýjanda Zygmunts Pawlik, hafi hann skipað hundunum að leggjast fyrir aftan sendibifreiðina. Í framburði gæslumannsins fyrir lögreglu fáeinum dögum eftir tjónsatburðinn kemur fram, að hann fylgdist ekki með hundunum, meðan hann var að opna afturdyr sendibifreiðarinnar. Meta verður honum til gáleysis að vera á ferð með lausa hunda á bílvegi og í nágrenni vegar án þess að gera fullnægjandi ráðstafanir til að afstýra því, að hundarnir hlypu frá honum. Þá er fallist á með héraðsdómara, að við mat á sök vörslumannsins beri að hafa í huga, að hann hafði með höndum gæslu á verðmætum hundum.

Stjórnandi bifreiðar aðaláfrýjanda Zygmunts Pawlik kvaðst hafa séð gæslumanninn ganga með hund að sendibifreiðinni. Verður að leggja til grundvallar, að hinn fyrrnefndi hafi ekki gætt þess að draga nægilega úr ferð bifreiðarinnar, áður en hann ók fram hjá hinni kyrrstæðu bifreið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og þegar litið er til hinnar ríku bótaábyrgðar, sem hvílir á bifreiðareiganda samkvæmt umferðarlögum, þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, miðar gagnáfrýjandi aðalkröfu sína við kaupverð á fullþjálfuðum leitarhundi, tveggja og hálfis árs gömlum, auk ýmiss kostnaðar, sem gagnáfrýjandi telur óhjákvæmilegt, að leggist á kaupverðið. Varakrafa gagnáfrýjanda miðast við kaupverð og kostnað vegna hunds þess, er fórst, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Í þrautavarakröfunni felst hins vegar kaupverð og kostnaður við þjálfun hundsins, sem keyptur var í stað leitarhundsins, sem drapst. Er ekki annað komið fram en hundur þessi sé búinn sömu kostum og sá, sem bóta er krafist fyrir, og notagildi hans ekki minna.

Fallist er á með aðaláfrýjendum, að eðlilegt sé að ákveða batur fyrir missi hundsins á grundvelli þrautavarakröfu gagnáfrýjanda, en hún miðast við enduröflunarverð, þ. e. kostnað, sem gagnáfrýjandi

þurfti að leggja í til þess að afla sér sambærilegs hunds. Prautavara-krafan, sem sett er fram í tíu töluliðum, er sundurliðuð í héraðs-dómi. Hér fyrir dómi andmæltu aðaláfrýjendur sérstaklega tveimur þessara liða, þ. e. fóður- og lyfjakostnaði, að fjárhæð 159.440 krónur, og launakostnaði vegna þjálfunar, að fjárhæð 1.381.644 krónur.

Fyrirnefndi liðurinn tekur til kostnaðar, sem á féll, frá því að hundurinn kom úr sóttkví og þar til hann hafði öðlast þjálfun sem allhiða fíkniefnaleitarhundur í októberlok 1994. Er því haldið fram af hálfu aðaláfrýjenda, að ekki sé eðlilegt að taka kostnað þennan til greina, þar sem hundurinn hafi á þessu tímabili að nokkru nýst gagnáfrýjanda við leit að fíkniefnum. Aðaláfrýjendur þykja ekki hafa stutt þá staðhæfingu haldbærum rökum, og verður því ekki fallist á þessa mótbáru þeirra.

Síðarnefndi kröfuliðurinn svarar til hálfra launa gæslumanns hundsins frá 1. september 1993 til 31. október 1994. Eru hér auk dagvinnulauna reiknuð laun fyrir yfirvinnu, vaktaálag og fleira. Gagnáfrýjandi þykir ekki hafa leitt í ljós, að til þjálfunar hundsins hafi verið varið helmingi vinnutíma gæslumannsins áðurnefnt tímabil. Eins og sönnunaraðstöðu er háttað, þykir mega ákveða að álitum bætur vegna tjóns samkvæmt þessum kröfulið. Þykja þær hæfilega metnar 750.000 krónur.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður fallist á fjárhæð hinna níu kröfuliða, alls 627.742 krónur, en enginn þeirra hefur sætt tölulegum andmælum. Telst tjón gagnáfrýjanda því nema alls 1.377.742 krónum. Ber aðaláfrýjendum samkvæmt því að greiða óskipt 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar, 918.494 krónur, ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Zygmunt Pawlik og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, íslenska ríkinu, óskipt 918.494 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars

sama árs og 1% ársvöxtum frá þeim degi til 17. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. mars 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 6. mars, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1121/1995: Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli gegn Zygmunt Pawlik og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 5. október 1995.

Málið er höfðað af sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Þorgeiri Þorsteinssyni, kt. 280829-2189, með starfsstöð að Grænási, varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, á hendur Zygmunt Pawlik, kt. 300443-2739, Efstahjalla 19, Kópavogi, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 3.255.174 krónur, með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér 2.455.909 krónur auk vaxta og dráttarvaxta eins og í aðalkröfu.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér 2.009.386 krónur eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta og dráttarvaxta eins og í aðalkröfu.

Þá er þess krafist í öllum tilvikum, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá gera þeir kröfu um, að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti. En til vara krefjast stefndu, að fjárkrafa stefnanda verði lækkuð verulega og hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Leitað var sátta með aðilum án árangurs.

Málavextir.

Mánudaginn 8. febrúar 1993, á tímabilinu kl. 17.45 til 18.00, var Þórður Þórðarson lögreglumaður að koma með tvo fíkniefnaleitarhunda frá fjör-

unni við Kúagerði á Vatnsleysuströnd, þar sem hann hafði verið með þá í daglegri þjálfun. Þórður hafði lagt sendibifreið þeirri, sem hann hefur til umráða fyrir hundana, í vegkantinn á Vatnsleysustrandarvegi sjávar megin í akstursstefnu að Vatnsleysu um það bil 400 metra frá Reykjanesbraut. Þegar Þórður var kominn að bifreiðinni aftanverðri til að hleypa hundunum inn í búr sín í henni, var bifreið stefnda, Zygmunts Pawlik, V-696, sem Jaroslaw Pawlik ók, ekið úr gagnstæðri átt. Varð þá annar hundurinn, Paks, fyrir bifreiðinni og drapst.

Hundurinn Paks var annar tveggja hunda, sem sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli keypti í Danmörku í byrjun mars 1991 og lét þjálfva til fíkniefnaleitar. Þórður Þórðarson, sem er umsjónarmaður leitarhunda við embættið, fór til Danmerkur í apríl s. á. til þess að læra og taka þátt í grunnþjálfun hundsins, og stóð námskeiðið í þrjár vikur.

Vitnið Þórður Þórðarson skýrði svo frá fyrir dómnum, að umrætt sinn hefði hann verið að koma með hundana úr þrekþjálfun, þeir hefðu verið búnir að synda í sjónum og bröлта um í fjörinni í u. þ. b. 1/2 klst. Hann hefði gengið með hundana þvert á veginn, sem sé 100 til 200 metra frá fjörinni. Þegar 3 til 4 m hefðu verið að bifreiðinni, hefðu báðir hundarnir verið „við hæl“, þ. e. gengið lausir við hlið hans. Hundarnir hefðu ekki farið fram fyrir hann, meðan hann gekk upp á veginn. Þegar hann hefði komið upp á veginn aftan við bifreiðina, hefði hann snúið sér að henni til að opna afturdyrnar og hleypa hundunum inn. Hundarnir hefðu þar með verið komnir aftur fyrir hann. Hann hefði verið að teygja sig í hurðirnar, þegar hann hefði orðið var við bifreið, en ekki séð hana, því að hann sjái ekki yfir bifreið sína. Hann hefði strax skipað hundunum að leggjast, en ekki séð þá. Í því aki bifreiðin fram hjá og hann heyri skell. Hann líti á eftir bifreiðinni og sjái þá Paks koma undan henni. Bifreiðin hefði staðnæmst um 30-40 metra frá og ökumaður komið út. Hinn hundurinn hefði legið kyrr hægra megin við hann, eftir áreksturinn, en hann eigi búrið þeim megin. Hundarnir hefðu verið vanir að hlýða skipunum hans. Hann hefði ekki séð, hvað gerðist, en hundurinn ekki haft tíma til að fara yfir veginn. Hundarnir hafi verið þreyttir eftir þrekþjálfun og undanfarandi leit. Þeir róist, þegar þeir séu þreyttir, og vilji komast inn í bifreiðina í rólegheit. Hann telji, að við þessar aðstæður hefði verið verra að hafa hundana í taumi. Vegurinn sé þröngur þarna. Ef hann hefði notað taum, hefði hann notað eins og háls fadms taum, sem er læstur í hálsólarnar á báðum hundunum, þ. e. verið með þá í sama taumi, og þá hefði hinn hundurinn orðið fyrir bifreiðinni líka.

Nauðsynlegt væri, að hann færi á þjálfunarnámskeið vegna hvers hunds, sem keyptur væri, ef hann þjálfaði hann ekki sjálfur. Þjálfva þurfi saman mann og hund, svo að þeir geti unnið saman.

Vitnið Jaroslaw Pawlik skýrði svo frá fyrir dóminum, að umrætt sinn hefði hann verið á leið frá Vatnsleysuströnd til Reykjavíkur og ekið með um 60 km hraða. Hann hefði veitt athygli bifreið í vinstri vegkanti, um 30 til 40 m áður en hann kom að henni, og séð mann með hund ganga að henni aftanverðri. Hann hefði flautað, þegar hann nálgast, og hægt á ferðinni. Rétt í þann mund, er hann hefði verið að aka fram hjá bifreiðinni, hefði hundur, sem hann hefði ekki séð fyrir, hlaupið frá hægri upp á veginn og stokið í veg fyrir hann rétt fyrir framan hann. Hann hefði hemlað, en það ekki komið í veg fyrir, að hundurinn lenti framan á bifreiðinni.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að dauði hundsins Paks hafi verið afleiðing árekstrar bifreiðar stefnda, Zygmunts, á hann, og beri hann því hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda sem skráður eigandi bifreiðarinnar. Sé stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. því skylt að greiða bæturnar óskipt með stefnanda Zygmunt á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar.

Í Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem ákeyrslan varð, gildi samþykkt nr. 428/1987, sett með heimild í lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Stjórnvaldsfyrirmæli, sem byggð eru á löggjöf á sviði heilbrigðismála, skipti engu máli um rétt hans til bóta fyrir það tjón, sem hlaust af notkun bifreiðarinnar. Ákvæði samþykktarinnar standi ekki í neinum tengslum við þær aðstæður, sem tjón hlaust af, og geti ekki skoðast sem mælikvarði um eigin sök. Hagsmunir stefnanda, er njóti verndar skaðabótareglna, hafi verið skertir sem afleiðing af notkun ökutækis, og hlutlæg ábyrgð eiganda ökutækis eigi við. Ákvæði samþykktar, er sæki stoð sína í fyrrnefnd lög, breyti engu um rétt stefnanda til bóta fyrir verðmæti, sem farið hafi forgörðum.

Samkvæmt lögum hafi lögregla og tollgæsla völd og skyldur umfram aðra borgara til þess að gegna störfum sínum á þann veg, að þau geti skilað árangri. Enda þótt ákvæði í fyrrnefndri samþykkt leggi almennt bann við hundahaldi, geti það ekki gilt um hunda, sem ætlaðir séu til fíkniefnaleitar. Hundurinn hafi verið verkfæri í höndum lögreglu til að gegna allt öðru hlutverki en þeir hundar, sem samþykktin leggur almennt bann við, að almenningur hafi í haldi. Þess vegna geti hvorki ákvæði hennar né þeirra laga, sem hún sækir stoð sína í, komið til álita í máli þessu.

Þórður Þórðarson hafi haft fullt vald á þeim hundum, sem hann þjálfaði, og þeir því ekki lausir, þótt þeir hafi ekki verið í taumi, eins og samþykktin mæli fyrir um. Stefnandi fallist því ekki á, að þjálfari hundsins, sem gegndi umrætt sinn mikilvægum skyldustörfum í þágu löggæslu, hafi verið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi.

Aðalkrafa stefnanda miðast við verð á fullþjálfuðum leitarhundi tveggja og hálfis árs gömlum samkvæmt upplýsingum frá Statens hundskola í Svíþjóð auk kostnaðar á þeim tíma, er tjón varð. Aðalkrafan komist næst því að lýsa fjártjóni stefnanda. Aðalkrafan sundurliðast þannig:

Verð á fullþjálfuðum leitarhundi	2.227.654 kr.
Verð á þjálfunarnámskeiði	265.332 kr.
Dagpeningar	644.318 kr.
Flutningskostnaður til Íslands	47.870 kr.
Fargjald innan lands í Svíþjóð	10.000 kr.
Sóttkví	60.000 kr.
	<hr/>
Samtals	3.255.174 kr.

Varakrafa miðast við kaupverð tveggja hvolpa (Paks og Thors) og kostnað við þjálfun þeirra, sem sundurliðast þannig:

Kaupverð tveggja hvolpa	94.083 kr.
Launakostnaður umsjónarmanns	3.957.895 kr.
Fargjöld og dagpeningar erlendis	230.674 kr.
Fóður- og lyfjakostnaður	394.611 kr.
Sóttkví	234.556 kr.
	<hr/>
Samtals	4.911.819 kr.

Helmingur af 4.911.819 kr. (Paks) 2.455.909 kr.

Þrautavarakrafan miðast við kaupverð og kostnað við þjálfun hundsins „Cabelle“, sem kom í stað hundsins, sem drapst, og sundurliðast þannig:

Kaupverð hvolps	103.832 kr.
Gæsla og fóðrun erlendis	30.399 kr.
Fargjöld umsjónarmanns	36.876 kr.
Dagpeningar umsjónarmanns	77.818 kr.
Flutningskostnaður til Íslands	39.545 kr.
Flutningskostnaður í sóttkví	1.589 kr.
Einangrunarstöðin í Hrísey (sóttkví)	60.540 kr.
Fóður- og lyfjakostnaður	159.440 kr.
Launakostnaður vegna þjálfunar	1.381.644 kr.
Akstur vegna þjálfunar	117.703 kr.
	<hr/>
Samtals	2.009.386 kr.

Stefnandi vísar um bótaskyldu stefnda Zygmunts til 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og um skyldu stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. til 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Um bótafjárhæð vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu á því, að vörslum umsjónarmanns á hundinum hafi verið ábótavant. Gáleysi starfsmanns stefnanda komi því í veg fyrir, að hlutlæg ábyrgðarregla umferðarlaga taki yfir tilvikid samkvæmt almennum reglum um eigin sök.

Almennt sé vitað, að lausir hundar eigi það til að hlaupa að bifreiðum á ferð, og einnig sé mögulegt, að þeir hlaupi fyrirvaralaust út á akbraut. Gæta þurfi sérstakrar varúðar, þegar slíkt sé hugsanlegt, vegna hættunnar á því, að hundurinn fari sér að voða eða valdi ökumönnum og öðrum vegfarendum erfiðleikum og jafnvel tjóni. Hundarnir hafi verið að koma úr þrekbjálfun, sem búast má við, að geri þá æstari, og því séu jafnvel enn meiri líkur á, að þeir geri eitthvað, sem ekki er æskilegt. Hér sé ekki um að ræða neina venjulega hunda, heldur hunda, sem þjálfaðir séu til að sinna ákveðnu hlutverki við löggæslu. Þegar sérþjálfaðir menn hafi slík verðmæti í sinni vörslu, verði að gera ríkar kröfur til þeirra, að þeir geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til að ekkert komi fyrir hundana. Umsjónarmanni hafi borið að hafa þá í taumi.

Ekki verði talið, að um mikilvæg skyldustörf hafi verið að ræða, sem geti útilokað gáleysi umsjónarmannsins, enda sé ljóst, að ef hundarnir hefðu verið í taumi, hefði verið komið í veg fyrir óhappið. Því, að hér var um þjálfaðan leitarhund að tefla, verður ekki jafnað við, að umsjónarmaður hafi haft hundana í taumi.

Til frekari stuðnings ætluðu gáleysi umsjónarmanns benda stefndu á, að í Vatnsleysustrandarhreppi gildir samþykkt um hundahald nr. 428 frá 1987, sem bannar lausagöngu hunda innan hreppsins. Með því að láta hundana ganga lausa hafi stefnandi brotið gegn samþykktinni. Engin ástæða vegna þjálfunar hundanna eða hlutverks þeirra réttlæti það að láta hundana ganga lausa eftir æfinguna.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að stefnufjárhæð eigi að lækka verulega vegna reglna um eigin sök, þannig, að stefnandi beri hluta tjóns síns sjálfur.

Stefndu mótmæla niðurstöðu aðalkröfu sem órökstuddri. Fyrir utan fyrsta lið kröfunnar séu engin gögn fyrir rökstuðningi. Taka þurfi tillit til þess, að hundurinn hafi verið tekinn í notkun í ágúst 1991 og lögreglan haft not af honum eitt ár og sex mánuði. Við liðinn þjálfunarnámskeið og dag-

peningagreiðslur því fylgjandi gera stefndu þá athugasemd, að Þórður hafi farið á þjálfunarnámskeið í apríl og fram í maí 1991, og verði það að teljast hafa verið sambærilegt við það, sem sett er upp, og ekki séð, að nauðsynlegt sé að senda lögregluþjón á annað sambærilegt námskeið vegna óhappins.

Þá mótmæla stefndu niðurstöðutölu varakröfunnar sem örökstuddri. Taka þurfi tillit til þess, að hundurinn hafi verið í notkun eitt ár og sex mánuði. Fóður- og lyfjakostnaður fylgi þessari notkun. Á þjálfunarnámskeiðinu sé Þórður eðlilega á launum, enda sé hann að auka við starfskunnáttu sína, sem muni koma lögreglunni að notum um ókomin ár. Þá tengist dagpeningagreiðslur og fargjöld erlendis fyrrnefndri starfsþjálfun Þórðar mun frekar en hundinum.

Þá er þrautavarakröfu mótmælt sem örökstuddri. Hundurinn Cabelle sé tveimur og hálfu ári yngri en sá hundur, sem fórst. Líkur séu því til, að hann eigi lengri starfstíma fram undan sem því nemi. Launalið og aksturslið er mótmælt sem örökstuddum, enda séu þeir ekki studdir neinum haldberum gögnum. Hið sama eigi við liðinn fóður- og lyfjakostnað.

Stefndu vísa um sýknukröfu sína til 3. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, einnig til almennra reglna skaðabótaréttar vegna tjóns utan samninga og að auki almennra reglna skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Niðurstaða.

Ágreiningslaust er, að bifreiðinni V-696, eign stefnda Zygmunts Pawlik, sem tryggð var lögbundinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda tryggingarfélagi, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., var ekið á fíkniefnaleitarhundinn Paks á Vatnsleysustrandarvegi 8. febrúar 1993 með þeim afleiðingum, að hann drapst. Bera stefndu sameiginlega bótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem hlaust af akstri bifreiðar stefnda Zygmunts Pawlik samkvæmt 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Til úrlausnar er í máli þessu, hvort Þórður Þórðarson, umsjónarmaður hundsins, hafi sýnt af sér gáleysi í skilningi 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem valdi því, að bætur megi lækka eða þær falli niður.

Þegar ekið var á hundinn Paks, var umsjónarmaður hans, Þórður Þórðarson, að koma með hann og annan hund úr þrekþjálfun. Hefur hann lýst því, að þegar 3 til 4 metrar hafi verið að veginum, þar sem hann hafði lagt sendibifreið sinni í vegkantinn, hafi báðir hundarnir verið við hlið sér og ekki farið fram fyrir sig á leiðinni. Hundarnir hafi ekki verið í taumi. Þegar upp á veginn hafi komið, hafi hann snúið sér að bifreið sinni, og þegar hann hafi verið að teygja sig í afturhurðirnar til að opna fyrir hundunum, hafi

hann heyrir í bifreið, en ekki séð hana, þar sem hann sjái ekki yfir bifreið sína. Hann hafi strax skipað hundunum að leggjast, en ekki séð þá, þar sem þeir hafi verið fyrir aftan hann. Óhugsandi sé, að Paks hafi haft tíma til að fara yfir veginn.

Þó að taka megir undir það, að almennt sé viðurkennt, að lausir hundar eigi það til að hlaupa að bifreiðum á ferð, og einnig, að hugsanlegt sé, að hundar geti fyrirvaralaust hlaupið út á akbraut, sé á það að líta, að hér var um sérþjálfaða hunda að ræða, sem voru vanir að gegna skipunum umsjónarmanns síns. Þá þykir ekki hafa verið gert líklegt, að hundarnir hafi vegna undanfarandi þrekþjálfunar verið æstari og líklegri til að óhlýðnast, en umsjónarmaður þeirra heldur því fram, að þeir róist, þegar þeir eru þreyttir, og sæki í að komast inn í bifreiðina.

Hins vegar er á það að líta, að umsjónarmaðurinn sá ekki hundana, þegar hann skipaði þeim að leggjast, og ekki hundinn, sem ekið var á, fyrir en eftir að bifreiðinni hafði verið ekið yfir hann. Þá liggur fyrir, að ökumaður bifreiðarinnar heldur því fram, að hundurinn hafi hlaupið í veg fyrir bifreið sína frá hægrri miðað við akstursstefnu, en ekki frá þeim vegkanti, sem bifreið umsjónarmannsins var á. Því verður ekki fullyrt, hvaðan hundurinn kom fyrir bifreiðina. Er því ekki öruggt, að hundurinn, sem drapst, hafi verið þar, sem umsjónarmaðurinn taldi hann vera, er hann gaf skipunina um, að hundarnir legðust, en á það er að líta, að hinn hundurinn lá aftan við bifreið umsjónarmanns eftir ákeyrsluna. Þykir umsjónarmaðurinn því ekki hafa fylgst svo vel með hundunum sem ástæða var til, en telja verður, að honum hafi borið að hafa sérstaka gát á hundunum, eftir að upp á veginn var komið, þar sem vænta mátti umferðar bifreiða, og að sérstök ástæða hafi verið fyrir hann að hafa auga með Paks, sem átti búrið vinstra megin í bifreiðinni, þ. e. nær veginum. Þá hafi honum borið að hafa sérstaka gát á hundunum, þar sem hann hafði þá ekki í taumi, sá ekki yfir bifreið sína og gat því ekki fylgst með umferð úr gagnstæðri átt.

Þá er og á það að líta, að í Vatnsleysustrandarhreppi, þar sem atburðurinn varð, gildir samþykkt nr. 428/1987 um hundahald, sem leggur bann við því, að hundar gangi lausir á almannafæri. Brot á samþykktinni eitt sér þykir ekki hafa áhrif á mat á gáleysi umsjónarmanns, en hins vegar varð ákeyrslan á vegi, sem telst almannafæri, og engin ástæða við þjálfun hundanna eða hlutverk þykir réttlæta það að láta þá ganga þar lausa. Umsjónarmaðurinn bar fyrir dóminum, að hann teldi, að miðað við aðstæður hefði það verið verra að hafa hundana í taumi. Ef hann hefði notað taum, hefði hann notað eins og hálf fadms taum, sem er læstur í hálsólarnar á báðum hundunum, þ. e. verið með þá í sama taumi, og þá hefði hinn hundurinn

einnig orðið fyrir bifreiðinni. Þótt ekki þyki unnt að fallast á það, þykir ekki verða fullrytt í ljósi þess, að ekki liggur fyrir, hvernig óhappið varð, að komið hefði verið í veg fyrir óhappið, ef hundurinn hefði verið í taumi. Hitt þykir hins vegar nokkuð ljóst, að ef hundurinn hefði verið í taumi, hefði umsjónarmaður vitað, hvar hann var. En telja verður, eins og á stóð, að það hefði verið eðlileg varúðarráðstöfun að hafa hundana í taumi.

Pegar allt framangreint er virt og það haft í huga, að hér var um sérþjálfaða og verðmæta hunda að ræða, sem telja verður, að umsjónarmanni hafi borið að gæta sérstaklega, þykir Þórður Þórðarson, umsjónarmaður hundsins, eiga nokkra sök á því, hvernig fór, og að af þeim sökum beri að lækka fébætur til stefnanda, sbr. 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Hins vegar þykir öikumanni bifreiðarinnar, Jaroslaw Pawlik, sem hefur viðurkennt að hafa séð mann og hund ganga að bifreiðinni aftanverðri, hafa borið sérstök skylda til að sýna ýtrustu varkárni, er hann ók fram hjá henni, og vera við öllu búinn, m. a. að stöðva bifreið sína þegar í stað, en hann hefur haldið því fram, að hann hafi hægt á sér og flautað. Þykja ummæli öikumanns um, að hann hafi ekki séð hundinn, sem drapst, fyrr en hann hafi hlaupið í veg fyrir bifreið hans frá hægri, sýna, að hann hafi ekki beint athygli sinni til þeirrar hliðar, en ekkert hefur komið fram um, að þeim megin vegar hafi útsýn hans verið hindruð.

Þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndu beri 3/4 hluta tjónsins, en stefnandi 1/4.

Stefndu hafa mótmælt niðurstöðu aðalkröfu stefnanda sem órökstuddri. Stefndu hafa ekki uppi mótmæli við fyrsta lið kröfunnar, sem er verð á fullþjálfuðum leitarhundi, en bera því við, að taka þurfi tillit til þess, að hundurinn, sem drapst, hafi verið tekinn í notkun í ágúst 1991. Ekki verður á það fallist, þar sem telja verður, að tjón stefnanda verði ekki metið og bætt, nema miðað sé við endurkaupsverð á fullþjálfuðum leitarhundi.

Um liðinn þjálfunarnámskeið og dagpeningagreiðslur halda stefndu því fram, að námskeiðið, sem Þórður sótti í apríl og fram í maí 1991, hafi verið sambærilegt og því óþarft að senda hann á annað námskeið. Þórður Þórðarson hefur skýrt svo frá, að þjálfna þurfi saman mann og hund, þannig, að hann þyrfti að fara á þjálfunarnámskeið vegna hvers hunds, sem keyptur væri og hann þjálfaði ekki sjálfur. Þar sem þeirri staðhæfingu hans hefur ekki verið hnekkt, þykir verða að leggja til grundvallar, að þjálfunarnámskeið sé nauðsynlegt. Samkvæmt bréfi frá Statens hundskola í Svíþjóð er gjald fyrir þjálfun hundstjórnannda í 5 vikur 30.000 SEK. Þjálfunarnámskeið erlendis hefur óhjákvæmilega í för með sér dagpeningagreiðslur. Öðrum liðum bótakröfu er ekki mótmælt.

Að framangreindu athuguðu og því, að fjárhæðum einstakra liða bóta-kröfunnar, sem eiga sér stoð í gögnum málsins, hefur ekki verið hnekk, verður við aðalkröfu stefnanda miðað og stefndu dæmdir til að greiða honum in solidum 3/4 af 3.255.174 krónum, 2.441.380 krónur, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Rétt þykir samkvæmt niðurstöðu málsins að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar til stefnanda, sem ákveðst 250.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Zygmut Pawlik og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði in solidum stefnanda, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, 2.441.380 krónur með 1,1% ársvöxtum frá 8. febrúar 1993 til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað.
